

Þessi koma í gildi, heimilt að leysa til sín kúgildin gegn því, að leggja jörðinni til aðra eign jafn-góða sem hún þarfnast:

- a. Í húsum, er leiguliði á og eru óhjákvæmileg fyrir hæfilega ábúð á jörðinni.
- b. Í jarðarbótum, er auka framleiðslu jarðarinnar og verð og eru full eign leiguliða eða þeim hluta jarðarbótanna, sem er lögmæt eign hans, samkv. 1. gr. hér að framan.

Úttektarmenn meta til verðs kúgildin, svo og eignir þær, er á móti eru láttnar, og skulu þær eigi nema minna verði en kúgildin.

Kúgildaleigan telst upp frá því með landskuld jarðarinnar.

5. gr.

Nú kýs landsdrottinn heldur að taka kúgildi af jörðu til sín en að taka eignir á móti og er honum það heimilt, hvenær er hann vill. Fellur þá kúgildaleigan niður, en landskuldin hækkar um mismun þann, er metinn verður á kúgildaleigunni og almennri peningarentu af verði kúgildanna. Þessa landskuldarhækkun meta úttektarmenn, nema hlutaðeigendur komi sér saman.

6. gr.

Úttektarmenn skulu skifta til afnota slægjum í sameiginlegu beitilandi milli ábúenda, ef einhver þeirra óskar þess. Kostnaðinn greiða þeir allir eftir jarðarstærð.

7. gr.

Nú á maður jörð eða jarðarpart, sem er sérstakt býli, er hefir sameiginlegt land við annað sérstakt býli, þá hefir hann rétt til að krefjast þess, að úttektarmenn skifti honum út sínum hluta landsins eða nokkrum hluta þess. Eigi skal þó, nema með samþykki eiganda að meiri hluta landsins, skifta því landi, sem sérstök hlunnindi eru við, önnur en slægjur, beit, skógarhögg og mótektja, svo sem eggver, laxveiði, selveiði, reki, skipsuppsátur, lóðargjöld o. s. frv. Skiftin skulu miðast við stærð jarðanna eða jarðarpartanna eftir jarðamati, og skal ekki að eins fara eftir flatarmáli landsins, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Kostnaðinn við skiftin greiðir sá, er þeirra beiðist, ef eigi er óskað að út sé skift nema nokkrum hluta þess lands, er býli hans tilheyrir, en annars skiftist kostnaðurinn að tiltölu við jarðarstærð.

8. gr.

Skifti þau, sem ræðir um í 7. gr., skulu vera til fullrar eignar og skal bjóða öllum eigendum að landi því, er skifta skal, að vera við þau. Hver sá eigandi, sem óánægður er með skiftin, getur heimtað yfirmat; skal sýslumaður dómkveðja 4 menn óvilhalla til að framkvæma það, og fá þeir hver um sig 4 kr. kaup á dag meðan þeir eru að skiftum. Rétt til að heimta yfirmat hefir og hver veðhafi í landi því, sem skift er, í 2 ár frá því að honum eru tilkynnt skiftin. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er óskar þess, sé engin breyting gerð á skiftinum, ella skiftist hann að tiltölu við jarðarstærð.

9. gr.

Nú vill jarðeigandi girða land jarðar sinnar með gripheldri virgirðingu á landamerkjum, og skal hann þá láta skoðunarmann jarðarbóta á því svæði og úttektarmenn mæla fyrir girðingunni, gera áætlun um kostnað við hana og ákveða

legu hennar. Skal girðingin liggja beint yfir nes, þar sem merki liggja í smákrókum, en þó þannig að hvorugur missi slægju og beitiland eftir því, sem við verður komið. En réttur til annara afnota helzt óbreyttur.

Því næst tilkynnir jarðeigandi fyrirætlun sína þeim, er land á móti honum, og leitar samkomulags um girðinguna og kostnað til hennar. Komi þeir sér ekki saman, getur sá, er girða vill, eigi að síður girt, og ber þá sá, er land á móti honum, helming hins áætlaða kostnaðar. Þó verður af einni jörð eigi krafist meira framlags á þennan hátt á hverjum 5 árum, en sem svári eins árs afgjaldi jarðarinnar, og er gjalddagi í byrjun hvers fimm ára tímabils, unz kostnaðurinn er greiddur að fullu. Um greiðslu þess kostnaðar fer sem um viðurkenda skuld, er á jarðeiganda hvílir, og flyzt hún yfir á nýjan eiganda ef eigandskifti verða.

10. gr.

Eign og viðhald girðinga þeirra, sem um er rætt í 9. gr., er sameiginleg báðum jörðum frá því hún er upp komin fullger. En skifta skal girðingunni jafnt milli jarðanna, svo að sinn hluta annist hvor. Sé viðhald girðingar vanrækt af öðrum hvorum jarðeiganda, þá á hinn rétt á að krefjast nauðsynlegra umbóta á kostnað þess, sem vanrækslunnar er valdur.

Úttektarmenn skulu skifta girðingunni og meta, hvort henni er haldið við svo gilt sé.

11. gr.

Ákvæðin í 9. og 10. gr. um girðingar á landamerkjum gilda ekki um fjalllendi, nema slægjuland sé, og ekki um önnur víðlend beitilönd, sem ekki eru notuð til slæгна, né liggja að slægjulöndum. Úttektarmenn skera úr, hvort landið samkvæmt þessu sé undanþegið girðingarskyldu þeirri, sem ræðir um í 9. og 10. gr.

12. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 6. gr. og 20. gr. í lögum 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða, svo og önnur ákvæði, er koma í bága við lög þessi.